

DRÖG

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr.

frá

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal við útboð verðbréfa á almennum markaði eða þegar þau eru tekin til viðskipta og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2017/1129 fellir úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 21. júlí 2019.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Liður 29b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB) fellur brott frá og með 21. júlí 2019:
2. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 29bc (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/301):

„29bd. **32017 R 1129**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal við útboð verðbréfa á almennum markaði eða þegar þau eru tekin til viðskipta og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB (Stjttð. ESB L 168, 30.6.2017, bls. 12).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og sé ekki kveðið á um annað í samningi þessum, ber að skilja hugtökin „aðildarríki(n)“ og „lögbær yfirvöld“ þannig að þau taki, til viðbótar við merkingu þeirra í reglugerðinni, til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra, í þeirri röð.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 168, 30.6.2017, bls. 12.

⁽²⁾ Stjttð. ESB L ...

DRÖG

- b) Vísanir í aðrar lagagerðir í tilskipuninni teljast eiga við, að því marki og með þeim hætti sem þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn.
- c) Í 3. mgr. 9. gr. er orðunum „eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. .../... frá [þessi ákvörðun], eftir því hvor dagsetningin er síðar“ bætt við á eftir orðunum „21. júlí 2019“.
- d) Í 11. mgr. 22. gr. koma orðin „EES-samningnum“ í stað „lög Sambandsins“.
- e) Í öðrum málslið 5. mgr. 33. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni“.
- f) Í 1. mgr. 34. gr. bætast orðin „og Eftirlitsstofnun EFTA“ við á eftir orðunum „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni“, að því er varðar EFTA-ríkin.
- g) Í 2. mgr. 35. gr. koma orðin „EES-samningsins“ í stað orðanna „sem sett eru með lögum Sambandsins“.
- h) Í öðrum málslið 3. mgr. 37. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ við á, bætt eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.
- i) Í d-lið 2. mgr. 38. gr. orðast „lög Sambandsins“ sem „ákvæði EES-samningsins“.
- j) Í 3. mgr. 46. gr. er orðunum „eða gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. .../... frá [þessi ákvörðun], eftir því hvor dagsetningin er síðar“ bætt við á eftir orðunum „21. júlí 2019“.
- k) Í 2. og 3. mgr. 49 gr. er orðunum „eða gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. .../... frá [þessi ákvörðun], eftir því hvor dagsetningin er síðar“ bætt við á eftir orðunum „21. júlí 2019“.
- l) Í 2. mgr. 49. gr. orðast „21. júlí 2018“ og „20. júlí 2017“ sem „gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. .../... frá ... [þessi ákvörðun]“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/1129, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi [...], eða daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103 gr. EES-samningsins berst, eftir því hvor dagsetningin er síðar (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

DRÖG

Gjört í Brussel.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

DRÖG

Tilv: 18/00181-6
Málsnúmer: 18/00181

Brussel, 17. desember 2018

TIL SKÝRINGAR

Upptaka reglugerðarinnar um útboðslýsingar í EES-samninginn

Lagagerðin sem um ræðir:

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal við útboð verðbréfa á almennum markaði eða þegar þau eru tekin til viðskipta og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB.

Ákvæðin sem um ræðir:

3. mgr. 9. gr., 11. mgr. 22. gr., 5. mgr. 33. gr., 34. gr., 3. mgr. 37. gr., 2. mgr. 35. gr., d-liður 2. mgr. 38. gr., 3. mgr. 46. gr. og 2. mgr. 49. gr.

Rökstuðningur og tillögur að lausnum:

I. Merking hugtaksins „aðildarríki“ (aðlögunartexti a))

Þar sem reglugerð (ESB) 2017/1129 (reglugerðin um útboðslýsingar; Prospectus-reglugerðin) tekur til EES-svæðisins skal hugtakið „aðildarríki“ í Prospectus-reglugerðinni taka til EFTA-ríkjanna innan EES, auk aðildarríkja Evrópusambandsins. Aðlögun á texta reglugerðinnar, þar sem kveðið er á um sérstakar reglur fyrir EFTA-ríkin getur hins vegar ávallt komið í staðinn fyrir þetta ákvæði.

Enn fremur falla lögbær stjórnvöld EFTA-ríkjanna eða lögbær stjórnvöld tiltekins geira, auk einstaklinga eða lögaðila sem hafa staðfestu í EFTA-ríkjunum, undir gildissvið reglugerðarinnar með sömu skilmálum og skilyrðum og lögbær stjórnvöld Evrópusambandsins og einstaklingar eða lögaðilar með staðfestu í ESB.

II. Tilvísanir til lagagerða sem ekki hafa verið teknar upp (aðlögunartexti b))

Í samræmi við ákvæði 7. gr. EES-samningsins eru einungis þær gerðir sem vísað er til, eða er að finna í viðaukum eða ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, bindandi gagnvart aðilum EES-samningsins og ber að taka þær upp í landsrétt þeirra. Aðlögunartexti b) skýrir því, að hvers kyns tilvísanir í Prospectus-reglugerðinni til annarra lagagerða ESB gilda einungis að því marki sem viðkomandi lagagerðir hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber að skilja þær í ljósi hvers kyns aðlögunar sem á við.

DRÖG

III. Gildistaka á EES-svæðinu (aðlögunartexti c), j), k) og l))

Í samræmi við ákvæði 7. gr. EES-samningsins eru einungis þær lagagerðir sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn bindandi fyrir EFTA-ríkin innan EES. Skyldur þær sem lagðar eru á samkvæmt Prospectus-reglugerðinni geta því einungis átt við frá og með gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem tekur reglugerðina upp í EES-samninginn. Aðlögunartexti c) og j) tryggir að skilja beri dagsetningarnar samkvæmt 3. mgr. 9. gr. og dagsetningar lýsinga sem samþykktar eru á grundvelli 3. mgr. 46. gr. sem svo, hvað varðar EES, að þær gildi í samhengi við gildistöku Prospectus-reglugerðarinnar á EES-svæðinu.

Aðlögunartexti k) og l) tryggir að dagsetning beitingar Prospectus-reglugerðarinnar á EES-svæðinu tengist gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem tekur lagagerðina upp í IX. viðauka við EES-samninginn.

IV. Gildandi lagarammi (aðlögunartexti d), g) og i))

Samkvæmt 7. gr. EES-samningsins eru lagagerðir ekki bindandi fyrir EFTA-ríkin innan EES nema þær hafi verið teknar upp í EES-samninginn. Því er tryggt með aðlögunartexta d), g) og i) að innan EES sé með gildandi lagaramma átt við EES-samninginn og þær lagagerðir sem hafa verið felldar inn í samninginn.

Vísanir til valdheimilda Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsins (ESMA) skv. 19. gr. ESMA-reglugerðarinnar og vísanir til 258. gr. Sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (aðlögunartexti e), f) og h))

ESMA er með 5. mgr. 33. gr. og 3. mgr. 37. gr. gert kleift að fara með valdheimildir sínar samkvæmt 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 (ESMA). Hvað EES-varðar er Eftirlitsstofnun EFTA falið valdið til þess að taka bindandi ákvarðanir sem beint er að lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna, eða þátttakendum á fjármálamarkaði í EFTA-ríkjunum, skv. 19. gr. ESMA (k-liður liðar 31i í IX. viðauka EES-samningsins). Með aðlögunartexta e) og h) er breyting því gerð á texta 5. mgr. 33. gr. og 3. mgr. 37. gr. Prospectus-reglugerðarinnar sem tryggir að skilja beri tilvísanir til valdheimilda ESMA sem tilvísanir til valdheimilda Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á.

Í þeim tilfellum þar sem ESMA hefur vald til þess að sinna tilteknu hlutverki í Evrópusambandinu mun ESMA einnig sinna flestum slíkum verkefnum, að því er varðar málefni sem tengjast EFTA-ríkjunum alfarið eða að hluta, en valdið til þess að taka ákvarðanir sem eru bindandi innan EFTA-stoðarinnar er hins vegar í höndum Eftirlitsstofnunar EFTA. Því er mikilvægt að tryggja að öllum lögbærum stjórnvöldum og bæði ESMA og Eftirlitsstofnun EFTA sé skylt að vinna saman og skiptast á upplýsingum þegar nauðsyn ber til þess að stjórnvald sinni skyldum sínum eða fari með valdheimildir sínar á grundvelli viðeigandi löggjafar. Texta 34. gr. Prospectus-reglugerðarinnar er breytt með aðlögunartexta f) í þessu skyni.

* * * * *